

Mig langar að byrja á að þakka fyrir góða/frábæra mætinu hér í kvöld 😊

Aðalástæðan fyrir þessum opna fundi er **verklag borgarinnar** varðandi ákvörðun og framkvæmd á flutningi unglingadeildar Hamraskóla yfir í Foldaskóla.

Hér á eftir ætlum við að kynna ykkur stöðu mála eins og hún er í dag og varpa fram þeim fjölmörgu spurningum og óvissuþáttum sem við krefjumst svara við.

Þessi vinna okkar foreldra byrjaði sem spjall eftir opinn kynningarfund um sameininguna en segja má að kraftur hafi komið í okkar starf þegar í ljós kom að sá **fjárhagslegi ávinningur** sem lagt var af stað með í upphafi væri ekki lengur til staðar.

Þann 13. desember sl. var haldinn opinn fundur í Foldaskóla, þar sem stýrihópur þessa verkefnis kynnti störf sín. Á þeim fundi komu fram margar spurningar og athugasemdir frá foreldrum sem stýrihópurinn hafði ekki svör við og vísaði á kjörna fulltrúa. Þess má geta að í fundargerð fundarins koma hvergi fram áhyggjur né óánægja foreldra varðandi þessa sameiningu. Fyrirspurnir sem sérstaklega var óskað eftir að yrðu bókaðar voru ekki skráðar.

Þáverandi formaður stýrihópsins, Auður Árný Stefánsdóttir, benti okkur foreldrum á að boða fulltrúa meirihlutans á fund. Svörin væri að finna hjá þeim.

Við sendum fundarboð á kjörna fulltrúa borgarinnar 6. janúar og boðuðum á opinn fund. Við fengum svar frá Oddnýju Sturludóttur, formanni skóla- og frístundaráðs, 12. janúar, þar sem hún segir: **Í ljósi þess að verk- og tímaáætlun stýrihóps hefur verið framfylgt, og að höfðu samráði við þá sem koma að málum í Hamraskóla tel ég ekki þörf á öðrum opnum fundi um sameiningarmál Hamraskóla.**

Daginn eftir, þann 13. janúar sendum við ítrekað fundarboð og lögðum til nýjan fundartíma. Oddný og hennar samstarfsmenn, létu hins vegar ekkert frá sér heyra og svöruðu ekki fundarboðinu. Þann 24. janúar, sendum við fundarboðið aftur á alla borgarfulltrúa og einnig til fréttamiðla. Sama dag dreifðum við fundarboði í öll hús í Hamra- og Bryggjuhverfi og boðuðum formlega til fundarins. Í framhaldinu fengum við póst til baka frá Oddnýju og þar segir hún: **Sæll og blessaður, við erum hér á vettvangi borgarinnar að reyna að finna fundartíma sem hentar þeim sem vilja gjarnan vera á þessum fundi. Þessi fundartími gengur því miður ekki en við erum að skoða fundartíma í vikunni þar á eftir. Ég býst við niðurstöðu í það í dag og við verðum þá í sambandi.**

Að afboða sig á fund 2 dögum fyrir boðan fundardag eftir að hafa haft á þriðju viku til að finna annan fundartíma teljum við ekki boðlegt. Oddný veit manna best að slíka fundi þarf að auglýsa og undirbúa og því teljum við svör hennar með þessum litla fyrirvara til þess eins fallin að reyna að dreypa málinu á dreif.

Þessum pósti svöruðum strax næsta morgun, 25. janúar: **Sæl Oddný, Boðaður fundur verður haldinn á áður augýstum tíma (fimmtudaginn 26.jan. kl. 19.30).**

Þann dag var síðan send fréttatilkynning um fundinn til fjölmiðla um kl. 2:00. Hálf tíma síðar kom svar frá Oddnýju sem hljóðar svo: **Sæll, hið besta mál. Þá höfum við fundið fundartíma sem allir hlutaðeigandi komast á, sem er miðvikudaginn 1. febrúar klukkan 17.30 í Hamraskóla. Við munum biðja skólastjórnendur í Hamraskóla að auglýsa þann fund í gegnum Mentor og hlökkum til að hitta ykkur. Eins viljum við hvetja foreldra til að senda fyrirspurnir og spurningar varðandi sameiningu unglिंगadeildanna fyrir fundinn, allar nánari upplýsingar verða í fundarboðinu. Bestu kveðjur, Oddný Sturludóttir, borgarfulltrúi og formaður skóla- og frístundaráðs.**

Þetta fundarboð sendir Oddný síðan frá sér í dag, þvert ofan í fréttir og boðanir okkar um áður auglýstan fundartíma, einungis til að valda misskilningi.

Slík vinnubrögð eru með öllu óásættanleg og fordæmum við slíka framkomu.

Ekki vitum við hveftra hagsmuna, Oddný og samstarfsfólk hennar, er að gæta en okkur finnst það ekki vera okkar foreldra og íbúa – og alls ekki þess farsæla starfs sem rekið er í Hamraskóla í dag.

Takk fyrir.